



Upplýsingar um Veraldarvini

Veraldarvinir eru íslensk félagasamtök sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða. Samtökin voru stofnuð í júní 2001 og markmið félagsins er að mynda vináttu meðal fólks af ólíkum uppruna enda er vinátta grundvöllu friðar í þessum heimi og vissulega er þörf á því afli í dag.

Við höfum frá upphafi haft umhverfismál í öndvegi. Markmið samtakanna er að stuðla að vináttu, heilbrigðum lífsháttum og betri umgengni manna við umhverfi sitt. Við nálgumst markmið okkar með alþjóðlegu samstarfi og sjálfbærni og skipulagningu friðar- umhverfis- og menningartengdra verkefna í samvinnu við sveitarfélög og frjáls félagasamtök. Veraldarvinir eru brautryðjendur í skipulagningu slíkra verkefna hér á Íslandi.

Frá árinu 2003 höfum við tekið á mót 21.271 erlendum sjálfbærni og hafa þeir lagt fram rúmlega 2.420.320 klst til friðar, íslenskrar náttúru og menningar en það jafngildir 1.164 ársverkum. Þátttakendur frá 103 löndum hafa komið til okkar á þessum árum.

Árið 2024 verða þeir 1.300 og vinna að fjölbreytilegum verkefnum um allt land - má þar meðal annars nefna plöntun trjáa, lagningu göngustíga, hreinsun stranda og árfarvega, uppgræðslu auk fræðsluverkefna um sjálfbærni og hlýnun jarðar. Veraldarvinir hafa komið að fjölda umhverfisverkefna um land allt á síðustu 22 árum og hafa verið í fararbroddi á þeim vettvangi.

Burt með plasti

Þetta verkefni Veraldarvina snýst í fyrsta lagi um veita fólki og þá helst börnum fræðslu um áhrif plasts á umhverfi okkar og hvernig við lágmörkum notkun þess í daglegu lífi. Í annan stað felst það í öflugri hreinsun stranda, árfarvega og friðlýstra svæða og áningastaða á Hringveginum.

Markmið verkefnisins

- Markmiðið er að vekja almenning til umhugsunar um hversu mikil ógn steðjar að okkur vegna aukinnar plastnotkunar og veita hvatningu til þess að lágmarka notkun þess eins og hægt er. Nauðsynlegt er að almenningur og fyrirtæki flokki plast frá öðru rusli og skila því inn á flokkunarstöðvar á kerfisbundinn hátt.
- Markmiðið er að ráðast þarf í þjóðaráttak í hreinsun landsins þar sem áhersla er lögð á lágmarkun plasts.

Árið 2024 ætla Veraldarvinir að vinna að þessu stóra verkefni sem snýst um að lágmarka plast í umhverfi okkar. Verkefnið er tvíþætt:

- Umhverfisfræðsla í leik- og grunnskólum og gagnvart almenningi
- Hreinsun strandlengjunnar og árfarvega

Hér er nánari útlitun á þessum tveimur þáttum

Umhverfisfræðsla í leik- og grunnskólum

Veraldarvinir munu taka á móti fimmtán 10 manna hópum af erlendum sjálfbóðaliðum til þess að vinna að fræðsluverkefnum um umfang, áhrif og endurvinnslu plasts í umhverfinu. Hver hópur dvelur á Íslandi í ellefu daga en vinnu þeirra verður stýrt af þremur háskólastúdentum auk þess sem fimm sjálfbóðaliðar sem styrktir eru af “European Solidarity Corps“ áætlun Evrópusambandsins og dvelja hér í sex mánuði munu taka stóran þátt í því.

Hóparnir taka saman námsefnið og standa síðan fyrir kynningum í Reykjavík. Þeir búa í húsi Veraldarvina í útjaðri Reykjavíkur þar sem sjálfbærni verður stór þáttur í heimilishaldi þeirra. Kynningar fara fram í húsi Veraldarvina í Ulfarsárdal, í húsi Sjvarklasans þar sem Veraldarvinir hafa skrifstofu og í gömlu verbúðinni við Grandagarð 65 sem verður opin almenningi hluta úr degi auk þess sem farið verður með kynningar í grunnskóla og leikskóla á þessum svæðum. Fyrirtækjum verður einnig boðið að taka þátt í verkefninu. Málþing verða haldin tengt þema verkefnisins. Alþjóðleg ráðstefna með 25 þátttakendum frá 6 evrópskum löndum verður haldin í Reykjavík í byrjun júní og ýmsar upptakur í tengslum við verkefnið skipulagðar.

Markmið

Markmið verkefnisins er að efla vitund fólks um nauðsyn þess að lágmarka plast í daglegu lífi með einföldum skrefum. Hér eru nokkur dæmi:

- Nota fjölnota matvælaumbúðir t.d. gler, plastbox, úr býflugnavaxi og umbúðir úr náttúrulegum efnum.
- Taka með okkur ferðamál fyrir drykki, þannig forðumst við plastlok og plaströr
- Hætta notkun á einnota plasti s.s. poka, borðbúnað, umbúðir, rör, kaffimál og fleira.
- Velja umbúðalausar vörur þar sem það er hægt, s.s. grænmeti í lausu eða þurrvörur sem hægt er að hella beint í eigið ílát.
- Flokka allt sem við getum, þar með minnkar þörf á einnota ruslapokum.
- Velja hreinlætisvörur sem innihalda ekki örplast sem skolast beint út í sjó þegar við notum það.
- Búa til eigið umhverfisvænt hreingerningarefni og geyma í glerflöskum eða brúsum sem við getum notað aftur og aftur
- Kaupa minna af plastdóti, velja t.d. frekar heimilisbúnað og leikföng úr við eða öðrum efnum.

Verkefnið snýst að sjálfsögðu um sjálfbærni með áherslu á að við skilum náttúru og umhverfi okkar í sama og helst betra ástandi en þegar við tókum við því. Verkefnið á alls staðar við og varðar alla íbúa jarðar og því er mikilvægt að hver og einn hlúi að sínu nær umhverfi og geri allt sem hann getur til þess að stuðla að betri umgengni.

Sérstök áhersla er lögð á að koma í veg fyrir sóun verðmæta.

Verkefnið snýst um jafnan rétt kynslóða til ákveðinna lífsgæða og jafnan rétt þeirra sem búa hér á jörðinni.

Markmiðið er að veita börnum og fullorðnum fræðslu varðandi mikilvægi þess að gera sitt besta til þess að stuðla að þessum málum og samábyrgð í samfélaginu gagnvart því verkefni.

Markmiðið er einnig að skýra á einfaldan hátt hvernig þrír póstar sjálfbærni vinna saman en þeir eru vernd náttúrunnar, efnahagur og velferð.

Tíma og verkáætlun

Gert er ráð fyrir að verkefnið sé í gangi frá 07.01 til 20.12.2024.

07.januar	Fyrsti hópur sjálfbóðaliða af 10 kemur á Sveinsstaði í Reykjavík til 11 daga dvalar
30.janúar	Skólaheimsóknir hefjast
12.febrúar	Þjálfun ESC sjálfbóðaliða
22.mars	Málþing í Reykjavík á Alþjóðlegum degi vatns
22.apríl	Málþing í Reykjavík á Degi Jarðar
01.maí	Fjörusýning Veraldarvina við Grandagarð 65 opnar og verður opin alla daga frá 13.00 til 17.00 alla virka daga fram til 31 október
15 maí	Opnun á Sveinsstöðum þar sem fólk getur tekið þátt í vinnustofum um sjálfbærni.
01.júní	Fjölbjóðleg ráðstefna hefst í Reykjavík og Krýsuvík
01.okt	Skólaheimsóknir hefjast á nýjan leik
16.okt	Málþing í Reykjavík á „World food day“
05.des	Málþing á alþjóðadegi sjálfbóðaliðans haldin í Reykjavík þar sem einnig verður opnuð sýning með ljósmyndum og gögnum verkefnisins á árinu
10.des	Samantekt á niðurstöðum og gerð lokaskýrslu
20.des	Verkefni lýkur

Sjálfbóðaliðar okkar koma frá öllum heimshornum og þátttaka þeirra í verkefninu er mikilvæg þannig að heimamenn sjái að þetta er sameiginlegt verkefni allra þjóða og allra manna.

Gert er ráð fyrir að sjálfbóðaliðarnir skili 9.360 klst til þessa verkefnis

Hreinsun strandlengjunnar og árfarvega

Eitt umfangsmesta verkefnið sem við höfum unnið við á síðustu árum snýr að **hreinsun strandlengju Íslands**

Á síðustu 18 árum höfum við gengið og hreinsað 7.343 km á ströndum Íslands. Margar strendur hafa verið hreinsaðar oft og einu sinni. Við höfum gengið allar strendur Reykjavíkur mörgum sinnum 😊

Markmið verkefnisins:

Að veita fræðslu sem minnkar plastmengun í hafa og hreinsa strandlengju Íslands, eins og kostur er. Við gerum okkur grein fyrir að þetta er eilífðarverkefni en stefnan er að þrifa alls staðar þar sem aðstæður leyfa a.m.k einu sinni og viðhalda reglulega

ákveðnum svæðum.

Við hreinsum allt sem hægt er að taka með höndum og kortleggjum síðan með GPS tækjum þau stykki sem ekki er hægt að fjarlægja nema með stórvirkum vinnuvélum. Hin eiginlega hreinsun strandlengjunnar fer fram frá mars til og með október ár hvert, en vetrarmánuðir eru nýttir til skipulags og undirbúnings auk þess sem Veraldarvinir standa fyrir skólaheimsóknum á vetrarmánuðum með það að markmiði að auka umhverfisvitund ungs fólks.

Verkefni 2024

Ætlunin er að taka á móti 20 tólf manna hópum til þess að taka þátt í þessu verkefni auk 5 hópstjóra sem stýra verkefnunum. Þessir sjálfboðaliðar munu skila 18.600 klst til verkefnisins.

Samstarfsaðilar

Veraldarvinir reyna að virkja eins marga aðila eins og kostur er í verkefninu. Leitað hefur verið til frjálsa félagasamtaka, sveitarfélaga, leik- og grunnskóla, fyrirtækja og opinberra stofnana eftir samstarfi auk þess sem fjöldi einstaklinga bæði heima og erlendis koma að verkefninu.

Ár	Sjálfboðaliðar	Vinnustundir	Strandlengja km	Rusl kg
2006	64	8,320	65	43,276
2007	243	30,578	378	198,576
2008	302	37,563	599	245,763
2009	362	44,762	602	256,976
2010	364	44,563	593	298,653
2011	354	42,890	438	278,597
2012	245	31,850	432	86,453
2013	263	33,265	378	167,457
2014	202	25,431	273	89,673
2015	180	23,428	241	65,043
2016	165	17,325	212	46,765
2017	162	15,228	198	42,456
2018	189	11,340	234	48,674
2019	212	12,720	326	58,342
2020	801	2,960	243	20,104
2021	674	28,709	846	105,802
2022	612	24,480	572	88,224
áætlun 2023	680	32,520	713	105,000
Samtals	6,074	467,932	7,343	2,245,834

Fjöldi erlendra sjálfboðaliða í hreinsun strandlengjunnar og magntölur hafa verið sem hér segir á undanförunum árum (þess ber að geta að á árunum 2007 til 2013

hreinsuðum við gríðarlegt magn af jarni úr fjörum Fjarðabyggðar þannig að magntölur eru mun hærrí þau árin)

Verkþættir og skipting þeirra niður á aðila verkefnisins:

- Verkþáttur:** Tínsla og söfnun á rusli
Unnið af: Erlendir sjálfboðaliðar á vegum Veraldarvina, Íslensk ungmenni frá viðkomandi svæði
- Verkþáttur:** Flutningur á rusli frá strönd, endurvinnsla og/eða förgun
Unnið af: Viðkomandi sveitarfélagi og Veraldarvinir
- Verkþáttur:** Rannsóknavinna
Unnið af: Nemendur í skiptinámi, sjálfboðaliðar á vegum Veraldarvina

Fjármögnun

Verkefnið er fjármagnað af eftirtöldum aðilum:

Veraldarvinir leggja til húsnæði fyrir þá sjálfboðaliða sem þátt taka í verkefninu auk þess sem fæði er útvegað.
Veraldarvinir hafa einnig tekið að sér að sjá um flutning á rusli til endurvinnslu.

Sveitarfélög

Á undanförunum árum hafa sveitarfélögin ekki tekið á sig neinn kostnað vegna þessa verkefnis – sum taka reyndar á móti rusli án endurgjalds en það á ekki við stærsta sveitarfélag landsins. Þar þurfum við að greiða fyrir förgun á rusli sem við týnum og kemur frá íbúum borgarinnar. Þetta er sorglegt en satt.

Sjálfboðaliðar

Hinir erlendu sjálfboðaliðar sem koma hér til 10 til 14 daga dvalar greiða sjálfir allan ferðakostnað frá sínu heimalandi og til Íslands og hluta af upphaldi.

Fyrirtæki og stofnanir

Fyrirtækjum er boðið að styrkja verkefnið, þau geta valið sér ákveðið svæði til þess að styrkja og getur styrkurinn verið í formi peninga, þjónustu eða vöru ef að því er að skipta. Við leggjum upp með að bjóða fyrirtækjum að styrkja hreinsun á 10 til 50 km löngum svæðum.

Umhverfisráðuneyti

Umhverfisráðuneytið hefur styrkt verkefnið á undanförunum árum sem nemur 15% af þeim kostnaði sem fylgir því.

Skattur

Þess ber að geta að þeir skattar sem koma til af starfsemi Veraldarvina eru fjórum sinnum hærrí en ríki og sveitarfélög styrkja félagið til þeirra verkefna sem unnin eru af félaginu.

Virðingarfyllst,





Pórarinn Ívarsson, framkvæmdastjóri
Veraldarvinir – Worldwide Friends Iceland
Grandagarður 65
101 Reykjavík
s. 8682324 og gsm 6666222
www.veraldarvinir.is

